

Orkugerðin ehf
Heiðargerði 5
801 Selfoss

Reykjavík 29. nóvember 2018
UST201803-060/F.T.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun og frestur veittur

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 13. september sl. þar sem stofnunin fór fram á úrbótaáætlun vegna tveggja frávika sem skráð voru í eftirliti þann 21. ágúst 2018. Þann 2. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.


Frávikan eru eftirfarandi:

- Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Við aðkeyrslur að húsum skal vera bundið malarlag með niðurföllum, engin niðurföll eru nú til staðar. Að sögn rekstraraðila hafa þessi niðurföll ekki verið sett þar sem þau voru talin óþörf. Rekstraraðili óskar eftir því að þessi krafra verði felld úr starfsleyfinu. Tekin verður afstaða til beiðninnar í starfsleyfisgerð þar sem fyrir liggur umsókn Orkugerðarinnar um nýtt starfsleyfi.
- Gr. 4.1 í starfsleyfi.** Bæta þarf skráningar í dagbók og halda til öllum upplýsingum skv. grein 4.1. Skrá skal atvik er varðar mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði líkt og varð fyrr á árinu er lyktarmengun var til staðar. Samkvæmt rekstraraðila eru úrbætur í farvegi og undirbúningur fyrir skráningu hafin. Frávikan er lokað en skráningar verða skoðaðar í eftirlitsferðum stofnunarinnar.
- Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.** Ganga skal frá geymum og lögnum þannig að þær standist kröfur reglugerðarinnar. Prýstiprófanir og þykktarmælingar hafa ekki verið framkvæmdar á stærri tank og árekstrarvörn vantar á minni neyslugeymi. Rekstraraðili hefur óskað eftir fresti til áramóta vegna þar sem aukið álag er á verksmiðjuna fram í miðjan nóvember vegna sláturtíðar. Umhverfisstofnun fellst á að veita umbeðinn frest.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Einar Halldórsson
sérfræðingur


Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands